

5. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

17. maí 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF. Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) og Una Hildardóttir (UH) tóku þátt í gegnum Skype.

Forföll boðaði: Sara Sigurðardóttir (SS).

Fundur settur 18:27

Dagskrá:

- Fundargerð 4. Stjórnarfundar** var samþykkt.
- Vinnureglur stjórnar:**
 - Ferðakostnaður stjórnarmanna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins:** SHB greindi frá því að félagið er því miður ekki í fjárhagslegri stöðu til þess að festa niðurgreiðslu á ferðakostnaði í vinnureglur stjórnar. Félagið mun þó koma til móts við GAM eftir getu sem metið verður í lok starfsárs.
 - Hlutverk og samskipti stjórnar/framkvæmdastjóra:** LMJ lagði fram tillögur að bættum samskiptum, boðleiðum og skýrari verkaskiptingu. Ákveðið var að bæta við skýrara ákvæði í vinnureglur um tilnefningar og skipanir, reglulegum upplýsingapósti til stjórnar frá framkvæmdastjóra sem og sérstökum reglum fyrir stjórnarfundum. Ákveðið var að LMJ, SS og SHB munu bæta reglurnar því samkvæmt fyrir næsta stjórnarfund.
- Leiðtogaskólinn:**
 - Skoðanakönnun: Samkvæmt umsókn til CoE á félagið að senda út skoðanakönnun á aðildarfélögin fyrir 7. maí. TI var falið að setja upp drög að námskeiðslýsingum fyrir könnunina.
 - LMJ lagði til að fela einum fulltrúa stjórnar ábyrgð á Leiðtogaskólanum. Ákveðið var að LMJ yrði ábyrg fyrstu tvær vikurnar og eftir það tekur UH við.
- Rekstraráætlun:** SHB og MÖÓ lögðu fram rekstraráætlun til umræðu og samþykktar. TI var falið að segja upp samningi ja.is og kanna möguleika á betri símasamningum. Áætlunin var samþykkt.
- Drög að umsögn um lækun kosningaaldurs:** Verður tilbúin á morgun, samþykkt í gegnum internetið og send fyrir 19. maí.
- Yfirlýsing vegna aldursmismununar.** SHB kynnti drög sem send verða á lögfræðinga á þriðjudaginn.
- Alþjóðanefnd:** TI sendir upplýsingar á LMJ sem sendir nefndinni póst fyrir miðvikudaginn þann 24. maí.
- Samskipti við utanríkisráðuneytið:** TI var falið að senda ítrekunarpóst. TI sendir ítrekunarpóst í síðasta lagi á föstudaginn og Sigurður ætlar að ýta á eftir svörum frá ráðherra.
Heimasíða og lógó. Prufa verður tilbúin um helgina og hún opnar 7. júní.
- Næsti fundur:** 31. maí.
- Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:58
TI og LMJ rituðu fundargerð.*